

L Ö G

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um
Fiskimálasjóð, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Í stað „2 000 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: 5 000 000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku,
sbr. lög nr. 99/1979 um breytingu á þeim.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóði svo:
Ráðherra er þó heimilt að lækka gjaldið með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí
1981 að telja.

2. gr.

Í stað „1980“ í 16. gr. laganna komi: 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.